



Langanesbyggð

GJALDSKRÁ OG REGLUR FYRIR GEYMSLUSVÆÐI Í LANGANESBYGGÐ.

1.gr.

Leigutakar skulu eiga lögheimili í Langanesbyggð.

2.gr.

Sótt skal um leigupláss á þar gerðum eyðublöðum. Fram komi nafn, heimilisfang og kennitala umsækjanda. Tilgreina skal áætlaðan leigutíma og tegund geymslunnar. Umsóknarblað skal undirritað af umsækjanda. Umsóknum ber að skila á skrifstofu Langanesbyggðar og verða þær afgreiddar í þeirri röð sem þær berast. Við úthlutun geymslusvæðis skal leigutaki undirrita leigusamning. Leigutaka er óheimilt að endurleigja plássið til annarra.

3.gr.

Leigutaki skal leggja fram með staðgreiðslu kr. 10.000 tryggingu lykils af svæðinu. Tryggingin endurgreiðist við skil á lykli við lok leigutíma.

4.gr.

Gagnkvæmur uppsagnafrestur er 3 mánuðir m.v. 1. hvers mánaðar.

5.gr.

Leigugjald er innheimt fyrirfram. Verði áætlaður leigutími styttri en samningur hljóðar uppá skal endurgreiða leigutaka hlutfallslega m.t.t. eftirstöðva leigutíma, enda hafi leigutaki greitt leigugjaldið. Leigutími getur þó aldrei verið styttri en einn mánuður.

6.gr.

Leiga á geymslusvæði m/vsk. er kr.120 pr.m² á mánuði. Gjaldið fylgir vísitölu neysluverðs og er miðað við grunnvísitölu í september 2009 sem er 349,6 stig og reiknast í janúar og júlí ár hvert. Stærðir leigureita skulu að jafnaði vera eftirfarandi:

3 * 4 metrar eða 12 m².

3 * 8 metrar eða 24 m²

3 * 12 metrar eða 36 m²

Hægt er að leigja fleiri en einn reit samtímis.

7.gr.

Hlutir sem geymdir eru á svæðinu mega ekki innihalda mengandi efni sem hætta er á að berist um svæðið og umhverfi þess. Leigutaki þarf að ganga þannig frá hlutunum að ekki stafi slysa- eða fokhætta af þeim.

8.gr.

Ekki er aðgangur að vatni né rafmagni á geymslusvæðinu.

9.gr.

Leigutaki ber einn ábyrgð á þeim munum sem hann geymir á svæðinu. Gámar á geymslusvæði skulu vera snyrtilegir og málaðir.

10.gr.

Leigutaka er skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið. Leigutaki skal gæta þess að valda ekki öðrum leigutökum ónáði eða óþægindum t.d. með því að hefta aðgengi að svæðinu þeirra. Leigutaki skal loka og læsa hliði geymslusvæði við brottför. Óheimilt er að geyma hluti ofan á gámum sem eru í geymslu.

11.gr.

Skrifstofa Langanesbyggðar sér um innheimtu allra gjalda skv. gjaldskrá þessari. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum reiknast dráttarvextir af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6.gr.laga um vexti og verðtryggingar nr.38/2001.

12.gr.

Gjaldskrá þessi og reglur eru fyrir geymslusvæði Langanesbyggðar Miðholti og taka gildi frá afgreiðsludegi sveitarstjórnar Langanesbyggðar. Leigufjárhæð og reglur þessar geta breyst í samræmi við ákvörðun sveitarstjórnar.

Samþykkt í sveitarstjórn 29.10.2009



Langanesbyggð

UMSÓKN UM LEIGUPLÁSS Á GEYMSLUSVÆÐ

Í LANGANESBYGGÐ

Nafn umsækjanda

kennitala

Heimilisfang

póstfang

Ef umsækjandi er fyrirtæki þarf að taka nafn tengiliðs

símanúmer